

FUNDARGERÐ

403. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 23. febrúar 2018 kl. 13.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Anna Þrúður Þorkelsdóttir

Þetta gerðist:

Fundargerð tveggja síðustu funda samþykktar og undirritaðar.

1. Skýrsla stjórnar

Framkvæmdastjóri sendi út fyrstu drög að skýrslu stjórnar í byrjun febrúar og hafði áður kallað eftir upplýsingum og texta frá nokkrum hópum. Skýrslan endanlega samþykkt og fer í prentun.

2. Ársreikningur á áætlun 2018

Góð niðurstaða í ársreikningum félagsins sem lagðir verða fram á aðalfundinum.

Vakin var athygli á að félagið þáði engan styrk á síðast ári hvorki frá ríki né Rvkborg.

Rætt um árgjöld til LEB, Afsláttarbókina sem ekki verður skv. upplýsingum formanns og varaformanns LEB. Einnig rætt nokkrum sinnum við LEB um hvar Gráa hernum sé best fyrir komið og hver beri kostnaðinn af honum. Ekki samstaða hér um.

Stjórnin samþykkir reikning félagsins með rekstrarafkomu upp á 16.829.391 kr fyrir afskriftir og fjármagnsliði og rekstraráætlun félagsins sem gerir ráð fyrir afgangi af reglulegri starfsemi upp á 9.000.000 króna.

Framkvæmdastjóri leggur til að lagt verði fyrir aðalfund að félagsgjöld verði óbreytt fyrir næsta ár kr 4200. Samþykkt.

Sjálfkjörið er í stjórn félagsins skv. tillögu uppstillingarnefndar

3. Fyrirhugaður fundur með forsætisráðherra

Formaður boðar alla stjórnarmenn á fundinn sem verður haldinn í Stjórnarráðinu n.k.

mánudag 26. feb. kl. 15.45. Formaðurinn leggur að eitt mál verði á dagskrá sem er tillaga að stofnun hóps um mál þeirra sem „fátækastir eru“ – útrýma fátækt og afnema skerðingar.

4. Samningur við Hringbraut sjónvarpsstöð

Kynnt efni og áherslur í sjónvarpsþáttum sem hafin er framleiðsla á og stjórnin hefur áður samþykkt að fara í. Þættirnir hefja göngu sína á Hringbraut þann 3. apríl n.k. og verða sýndir vikulega fram til loka maí. Kostnaður FEB vegna þessa verður 600 þús. kr. + VSK auk vinnu framlags starfsmanna og stjórnar FEB. Þáttastjórnandi og framleiðandi þáttanna er Sigurður K. Kolbeinsson sem stjórnað hefur þáttunum um Atvinnulífið s.l. 3 ár á Hringbraut. Efni þáttanna er unnið í fullu samráði við FEB.

5. Fundur v. sveitastjórnarkosninga í Ráðhúsinu 12. maí

Framkvæmdastjóri kynnti að gengið hefði verið frá samkomulagi við Reykjavíkurborg um gjaldlaus afnot félagsins vegna fundar í Tjarnarsal Ráðhússins, laugardaginn 12. maí. Fundurinn er hugsaður sem upplýsingafundur fyrir eldri borgara um stefnu og áherslur

þeirra flokka sem bjóða munu fram í Reykjavík í komandi kosningum.

6. Önnur mál

Fundur stjórnar FEB með Öldungaráði Reykjavíkur sem frestað var er settur á dagskrá

Rætt um fasteignamat hússins og skilgreiningu á húsnæðinu í Stangarhyl.

Styrkur frá Velferðarráðuneyti til FEB verður afhentur við athöfn þann 22. feb. Ráðherra hefur ákveðið að veita félaginu 1,0 m.kr. styrk til verkefnisins *Hvatning til hreyfingar og þar með félagslegrar þátttöku.*

Hrafni Magnússyni situr hér með sinn síðast stjórnarfund og var honum færðar þakkir fyrir vel unnin störf fyrir félagið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15.10

Samþykkt;